Minnisblað

Sendandi: Kirkjugarðaráð

Viðtakandi: Dómsmálaráðherra

Dagsetning: 14. desember 2023

Efni: Atriði rædd á fundi með dómsmálaráðherra um rekstur kirkjugarða og líkhúsa

Fimmtudaginn 7. desember 2023 fundaði kirkjugarðaráð með dómsmálaráðherra og starfsfólki dómsmálaráðuneytis um alvarlega stöðu í rekstri kirkjugarða og líkhúsa í landinu.

Verulega hefur hallað undan fæti í rekstri kirkjugarða undanfarin ár. Samningur um framlag ríkis til starfsemi kirkjugarða frá 2005 rann út árið 2009, en hefur verið framlengdur reglulega síðan og endurspeglar ekki raunkostnað þeirra lögbundnu verkefna sem kirkjugarðar sinna. Uppsöfnuð skerðing á framlagi ríkisins frá 2005 til 2023 nemur rúmlega 7,8 milljörðum króna á núvirði. Jafnframt stefnir í óefni í málefnum líkhúsa í landinu. Stærstu líkhús landsins eru rekin af Kirkjugörðum Reykjavíkur og Kirkjugörðum Akureyrar, en líkhúsin eru ekki hluti af lögbundinni starfsemi kirkjugarðanna og þeim fylgir ekki fjármagn frá ríkinu. Nú er svo komið að rekstri líkhússanna verður sjálfhætt komi ekki til fjárframlags frá hinu opinbera eða heimild veitt til gjaldtöku.

Rekstrarstaða tíu stærstu kirkjugarða landsins er slæm. Til að mynda var sjóðsstreymi af reglulegri starfsemi Kirkjugarða Reykjavíkur neikvætt um 44 m.kr. fyrstu átta mánuði ársins 2023. Lögbundnar tekjur kirkjugarða duga ekki fyrir rekstri þrátt fyrir verulegan niðurskurð. Að óbreyttu verður rekstri líkhúss og athafnarýma í Fossvogi hætt. Líkhúsið í Fossvogi er í slæmu ástandi, þarfnast verulegra endurbóta og er of lítið. Líkhúsið á Akureyri er þegar komið á sölu. Spár um andlát næstu tvo áratugina benda til allt að 100% fjölgunar og fyrirséð er að fjölda látinna sem þarf að vista á höfuðborgasvæðinu verður ekki annað að óbreyttu. Jafnframt að ófremdarástand mun skapast strax ef ekki verður brugðist við fyrirséðri lokun líkhúsa kirkjugarðanna. Mikil aukning hefur orðið í bálförum og mun sú þróun halda áfram næstu áratugi. Ein bálstofa er í landinu sem rekin er af Kirkjugörðum Reykjavíkur. Bálstofan er með uppgerða ofna frá árinu 1948 og þarf að byggja upp nýja bálstofu til að uppfylla nútímakröfur, meðal annars um mengunarvarnir. Raunhæft framlag til hverrar líkbrennslu gæti leyst það viðfangsefni.

Úrlausnarefni:

- Mál er varða fjármögnun reksturs tveggja stærstu líkhúsa landsins þola enga bið því annars verður í náinni framtíð ekki hægt að vista látna fram að greftrun eða brennslu.
- Mikilvægt er að nýr samningur verði gerður um fjárframlag ríkis til kirkjugarða sem endurspeglar raunverulegan kostnað við lögbundin verkefni. Það er að miðað sé við rauntölur um fjölda grafinna og fjölda fermetra í hirðingu, að einingaverð fyrir greftrun og umhirðu taki mið af raunverulegum rekstrarkostnaði og að hlutfall launa sé uppfært miðað við launaþróun. Jafnframt þarf rekstrarframlag til bálstofu að endurspegla rekstrarkostnað. Nýr samningur getur tekið mið af bættri tækni við öflun upplýsinga sem nýtist við úthlutun fjármagns.
- Brýnt er að endurskoða heildstætt lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993. Skýra þarf lögbundin hlutverk grafreita og fjármögnun þeirra. Sömuleiðis þarf að festa í lög farveg látinna frá útgáfu dánarvottorðs til grefrunar, m.a. hvað varðar rekstur og eignarhald líkhúsa. Aftengja ætti trúfélög frá lögbundnum rekstri grafreita og fá fulltrúa sveitarfélaga í stjórn þeirra.

Kirkjugarðaráð leggur áherslu á að stjórnvöld stigi inn í málefni líkhúsa tafarlaust til að koma í veg fyrir að ófremdarástand skapist. Jafnframt að stofnaður verði sem fyrst starfshópur ríkis og kirkjugarða til að móta nýjan samning um fjárframlag ríkis til kirkjugarða. Loks að ráðist verði í heildarendurskoðun laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 og að ríkisvaldið móti stefnu til lengri tíma um ábyrgð reksturs og fjármögnun uppbyggingar nýrrar bálstofu.